

## FRÉTTIR

## Kristín Ástgeirs dóttir yfirgefur þingflokk Kvennalistans vegna áforma um samfylkingarviðræður

KRISTÍN Ástgeirs dóttir, þingflokkksformaður Kvennalistans, tilkynnti á Alþingi í gärmorgun úrsögn sína úr þingflokknum. Að sögn Ás-laugar Thorlacius, framkvæmdastýru Kvennalistans, höfðu fjórar konur yfirgefis samtökum síðdegis í gær og eru úrsagnir því alls orðnar túr frá landsfundinum. Ellefu konur hafa gengið til liðs við Kvennalistann á sama tíma.

Kristín kvaddi sér hljóðs í upphafi þingfundar í gær og skýrði frá úrsögn sinni. Hún sagði ákvörðunina hafa verið sér þungbæra, en um leið hefði það verið léttir að ljúka þessum lífskafla eftir erfitt lokaskeið.

„Ég hef eytt ómældum tíma og orku í starf mitt með Kvennalistanum og það hefur oft kostað persónulegar fórnir. Ég hef komið að þeiri niðurstöðu að vandlega ihuguðu mál að ég eigi ekki annarra kosta völ en að segja skilið við Kvennalistann. Ég var kosinn á þing sem fulltrúi hreyfingar sem eins og segir í stefnuskrá Kvennalistans er hvorki til hægri né vinstri og því ný vídd í íslenskum stjórnámum. Ég var kjörin til að vera fulltrúi hreyfingar sem varð til sem andófsafl gegn gamla flokkakerfinu og vildi umbylta því, ekki samsamast því.“

## Söguleg mistök

Kristín sagði ákvörðun meirihluta fulltrúa landsfund Kvennalistans um síðustu helgi hafa verið söguleg mistök. „Ég treysti mér ekki til að tala málí þessa nýja meirihluta og ég get ekki setið hjá. Það er ekki minn stfl. Sá Kvennalisti sem ég var kjörinn fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kys því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til, hvað sem síðar verður. Hæstvirtur forseti: Nú á ég mig sjálf.“

„Ég tók þessa ákvörðun á manudaginn en hún á sér langan aðdraganda,“ segir Kristín í samtalí við Morgunblaðið. Hún segir að ákvörðunin hafi komið örðrum þingkonum

sögdum frelsi til að leita hverra þeirra leiða sem þeim sýndust álitlegar.“

„Ég reikna með því að ég verði frekar til hlés í starfi samtakanna, en ég ætla ekki að blanda því neitt saman við þingstörf sem ég er kosin til á grundvelli stefnuskrár Kvennalistans.“

Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans, segir úrsögn Kristínar hafa komið sér á óvart. „Ég tel að þessar úrsagnir hafi verið ótmabærar vegna þess að við höfum aðeins samþykkt að ræða við hina flokkana. Lokaákvörðun liggur í höndum næsta landsfundar Kvennalistans.“

## Litlar breytingar á starfi

Hvorki Guðný né Kristín Ástgeirs dóttir gera ráð fyrir að breytingar verði á nefndaskipan á þessum vetri þrátt fyrir úrsögn Kristínar, en skipan í nefndir er samkvæmt samkomulagi stjórnarandstöðu. Þó verði seta hennar sem áheyrnarfulltrúi Kvennista í nefndum verða tekin til athugunar. Kristín er formaður félagsmálanefndar og fulltrúi í utanrkismálanefnd. Hún er áheyrnarfulltrúi Kvennalistans í heilbrigðis- og trygginganeftnd og efnahags- og viðskiptaneftnd. Hún hefur einnig haft erlend samskipti á sinni könnu.

„Þó ég sé að segja mig úr Kvennalistanum lit ég þannig að ég sé fulltrúi þeirra sjónarmála sem ég var kjörin fyrir þó að nú séu breyttar aðstæður,“ segir Kristín.

Guðný er bjartsýn á áframhaldandi starf samtakanna þó hún búist við áfram verði einhver hreyfing inn og út úr þeim. „Ég held að þetta virki sem ákveðin frelistilhneiting fyrir alla. Þetta var einn kraftmesti landsfundur sem ég hef upplifað lengi og ég finn fyrir mikilli eftirvæntingu hjá konum fyrir því að ganga til viðræðna af fullum krafti.“

Guðný segir að hún og Kristín Halldórsdóttir muni starfa saman í þingflokk og haga störfum að öllu leyti eins og áður.

# Tíu úrsagnir frá landsfundi

Kvennista á óvart. „Ég held að þær hafi vonast til þess að ég gerði þetta ekki, og ekki trú að því að þetta myndi gerast.“

## Boðið í alla flokka

Kristín sagði aðspurð um hvort hún hygðist ganga til liðs við einhvern annan þingflokk, að hún hefði talað við margar þingflokkir og býið væri að bjóða sér í alla flokka, bæði í gamni og alvöru. Hún hefði hins vegar ekki átt í viðræðum við neina. „Tíminn verður að leiða í ljós hvort ég fer í samstarf við einhvern. Það getur margt átt eftir að gerast og það er til dæmis alveg óljóst hvort eitthvað kemur út úr viðræðum Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Alþýðubandalagið gæti til dæmis klofnað. Ég vona auðvitað líka að við Kristín Halldórsdóttir getum náð saman, og ég hefði óskað þess að hún hefði fylgt mér.“

Valgerður Sverrisdóttir, formaður þingflokk Framsóknarflokksins vildi hvorki játa því neita að aðild að þingflokknum hefði verið nefnd við Kristínu. „Við höfum ekki farið í formlegheit. Auðvitað er fólk alltaf eitthvað að tala saman. Ég vil leyfa henni að hafa dálítinn frið og leyfa henni að hugsa



Kristín  
Ástgeirs dóttir

sig um. Ég hef ekki formlega boðið henni inngöngu í þingflokkinn, en auðvitað hafa farið fram alls konar viðræður eins og gengur í þinginu. Ég hef spjallað við hana um ýmsa möguleika. Við erum miklir kunningjar og ég veit að hún þekkir vel okkar stefnu og vinnubrögð og oft höfum við átt málefnalega samleid. Ég met hana mjög mikils og auðvitað vildi ég hafa sem nánast samstarf við hana.“

## Ekki á leið úr floknum

Kristín Halldórsdóttir, þingkona Kvennalistans, segist ekki vera á leið út úr þingflokknum.

„Ég ætla ekki að rasa um ráð fram í þessu málí. Ég sé mjög mikil eftir þeim konum sem eru þessa dagana að segja sig úr Kvennalistanum. Ég virði þeirra afstöðu, en það breytir því ekki að mér finnst þetta ótmabært uppgjör. Mér finnst ágreiningur um leiðir ekki gefa tilefni til skilnaðar á þessu stigi málssins. Ég hefði kosið að landsfundur hefði staðfest niðurstöðu samráðsfundar frá því í ágúst síðastiðnum um að Kvennalistinn sem heild stæði ekki að viðræðum við A-flokkana, en að einstaklingar eða hópar innan Kvennalistans hefðu að sjálf-

## Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaganna